

358. fundur Skólanefndar FS

9. mars 2022



Mættir: Bjarni Páll Tryggvason formaður, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Einar Jón Pálsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúinn Gunnar Valdimarsson og Guðlaug Pálsdóttir skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staðan.
2. Verknámsaðstaða.
3. Önnur mál.

1. Staðan.

Skólameistari sagði frá stöðunni í skólastarfinu. Í dag var uppbrotsdagur í skólanum í en þemadagar í febrúar féllu niður vegna samkomutakmarkana. Í staðinn var spiladagur þar sem nemendur gátu farið í leiki og spil og í hádeginu voru veitingar og skemmtiatriði. Síðar í mánuðinum verður námsmatsdagur sem kennarar nýta fyrir námsmat en nemendur fá frí. Nokkrar fjarvistir eru enn hjá kennurum og nemendum vegna COVID-19 og því hefur þurft að sýna sveigjanleika í kennslu. Skólameistari sagði einnig frá starfi skólaþróunarhóps, samræmdri undirskrift fyrir tölvupóst frá skólanum, breytingum á kennslu í hársnyrtiiðn, breytingum á starfsmannahópnum í vor, námsferð starfsfólks til Ungverjalands í maí og innritun fyrir næsta vetur.

2. Verknámsaðstaða.

Skólameistari sagði frá því að búið er að senda inn formlega umsókn til ráðuneytis um stækkun verknámsaðstöðu. Verið er að fara yfir spurningalista sem barst frá ráðuneyti í kjölfarið. Það er gert í samráði við Verkfræðistofu Suðurnesja sem gerði þarfagreiningu fyrir stækkunina. Rætt um málið og framtíðarstefnu varðandi húsnæðismál skólans. Nefndarmenn töldu ljóst að mikill vilji væri meðal sveitarfélaga á Suðurnesjum að styðja við bakið á skólanum í þessu máli eins og hingað til.

3. Önnur mál.


a) Nemendafélagið NFS er að vinna að uppsetningu á söngleiknum Grease í samstarfi við Leikfélag Keflavíkur og verður frumsýning síðar í mánuðinum. Ræðulið skólans er komið í 2. umferð ræðukeppninnar Morfís. Í síðustu viku var ball sem gekk vel.

b) Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi Menntanet Suðurnesja. Stjórn Menntanetsins á fund með forsætisráðherra á morgun en þar verður rætt um stöðu verkefnisins og framtíð.

GU. SCA
ESP FAPK BSA
HMF GP

c) Verið er að skoða að kaupa eina sýningu af leiksýningunni Níu líf í Borgarleikhúsinu og bjóða nemendum og starfsfólki skólans á sýninguna. Þannig væri hægt að gefa nemendum sem sjaldan eða aldrei fara á slíka viðburði tækifæri til að fara í leikhús. Hluti kostnaðar yrði greiddur úr skólasjóði sem á að nýta fyrir nemendur. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með hugmyndina og hvöttu til að henni verði hrint í framkvæmd.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Bjarni Páll Tryggvason, formaður


Einar Jón Pálsson


Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir


Guðlaug Pálsdóttir, skólameistari


Ásrún Helga Kristinsdóttir


Helga María Finnbjörnsdóttir


Gunnar Valdimarsson


Guðmann Kristþórsson, fundarritari